

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

**Umhverfis- og skipulagsnefnd - 173173. fundur umhverfis- og  
skipulagsnefndar  
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, mánudaginn 17. júlí 2023  
og hófst hann kl. 10:00.**

**Fundinn sátu:**

Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Magnús Eiríksson, Kristjana Hermannsdóttir, Hallveig Hörn Þorbjargardóttir, Hildigunnur Haraldsdóttir, Matthías Páll Gunnarsson og Ragnar Már Ragnarsson.

**Fundargerð ritaði:** Ragnar Már Ragnarsson, Byggingarfulltrúi.

**Dagskrá:**

**1. Hellisbraut 4\_Umsókn um lóðarúthlutun - 2307005**

Elfa Frið Haraldsdóttir og Leó Blær Haraldsson óska eftir því að fá Hellisbraut 4 úthlutaða og byggja þar 150 fm einbýlishús á einni hæð úr krosslímum timbureiningum.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir lóðarúthlutun.*

*Samþykkt*

**2. Hellisbraut 4\_Umsókn um lóðarúthlutun - 2307006**

Rut Sigurðardóttir óskar eftir því að fá Hellisbraut 4 útlutaða og byggja þar 100-120 fm einbýlishús á einni hæð úr timbri.

*Tvær umsóknir bárust um lóðina og barst fyrri umsóknin þann 26 júní og því gildir reglan að fyrsti umsækjandi fái lóðina.*

*Hafnað*

**3. Breyting aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015-2031 við Krossavík á Hellissandi. - 2203012**

Lögð eru fram skipulagsgögn, umhverfismatsskýrsla sem er fyrir aðalskipulagsbreytingu og fylgiskjal vegna breytingar aðalskipulags, ásamt auglýsingu í Lögbirtingi og bréfi frá Skipulagsstofnun. Engar nýjar athugasemdir eða umsagnir bættust við vegna auglýsingar í Lögbirtingi.

*Nefndin samþykkir að óska eftir staðfestingu Skipulagsstofnunar á aðalskipulagsbreytingu.*

*Samþykkt*

**4. Nýtt deiliskipulag fyrir Krossavíkurböðin á Hellissandi - Skipulagsgögn lögð fram - 2203012**

Lögð eru fram skipulagsgögn ásamt auglýsingu í Lögbirtingi. Engar nýjar athugasemdir eða umsagnir bættust við vegna auglýsingar í Lögbirtingi.

777

AH.

M.K. HB  
MPA  
M.G.

TR H.H.

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

*Nefndin samþykkir erindið með fyrirvara um jákvæða niðurstöðu Skipulagsstofnunar. Snæfellsbær auglýsi í kjölfarið gildistöku deiliskipulagsins.*

*Samþykkt*

## 5. Breyting aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015-2031, Dritvíkurvegur, Djúpalónssandur og mörk Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls. - 2209001

Lögð eru fram skipulagsgögn vegna breytingar aðalskipulags og umhverfismatsskýrsla sem er fyrir aðalskipulagsbreytingu fyrir Dritvíkurveg, Djúpalónssands og stækkan þjóðgarðs, ásamt auglýsingu í Lögbirtingi og netpósti frá Skipulagsstofnun. Engar nýjar athugasemdir eða umsagnir bættust við vegna auglýsingar í Lögbirtingi.

*Nefndin samþykkir að óska eftir staðfestingu Skipulagsstofnunar á aðalskipulagsbreytingu.*

*Samþykkt*

## 6. Nýtt deiliskipulag fyrir Dritvíkurveg, Djúpalónssand og mörk Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls - Skipulagsgögn lögð fram - 2209001

Lögð eru fram skipulagsgögn ásamt auglýsingu í Lögbirtingi. Engar nýjar athugasemdir eða umsagnir bættust við vegna auglýsingar í Lögbirtingi.

*Nefndin samþykkir erindið með fyrirvara um jákvæða niðurstöðu Skipulagsstofnunar. Snæfellsbær auglýsir í kjölfarið gildistöku deiliskipulagsins.*

*Samþykkt*

## 7. Nýtt deiliskipulag fyrir Stóra-Kamb í Breiðuvík - 2307010

Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð á landi Stóra Kambs. Deiliskipulagið var áður kynnt en þá láðist að ganga frá gildistöku. Nýtt deiliskipulag er í samræmi við fyrri tillögur nema að byggingarreitir og hússtærðir eru rýmri en í eldri tillögu.

*Nefndin samþykkir að beina deiliskipulagstillöggunni í lögboðið auglýsingarferli.*

*Samþykkt*

## 8. Nónhóll\_Umsókn um breytingu á innra skipulag - 2306006

Ólöf Dagfinnsdóttir óskar eftir leyfi fyrir breytingum á innra skipulagi sumarbústaðar hennar að Nónholi, Arnarstapa. Fyrirhugað er að breyta geymslu í svefnherbergi og bæta við hurð inn í herbergið úr eldhúsinu. Sjá meðfylgjandi myndir og teikningar.

*Umhverfis-og skipulagsnefnd leggur til að málið fari í grenndarkynningu og skal það kynnt fyrir eigendum að Jaðri 2, 3 og 4.*

*Í vinnslu*

## 9. Jaðar 1\_Umsókn um byggingarleyfi fyrir 36,4 fm frístundarhúsi á lóð - 2306007

Emil Guðmundsson hönnuður sækir fyrir hönd Jónínu Kristgeirs dóttur um byggingarleyfi fyrir 36,4 fm frístundahúsi á lóð hennar að Jaðri 1, Arnarstapa. Sjá meðfylgjandi aðaluppdrátt.

*Umhverfis-og skipulagsnefnd samþykkir að málið fari í grenndakynningu fyrir eigendum Jaðars 2, 3 og 4.*

7/7  
K/L  
f/18

MPA  
A-Han.  
M/L  
M/Q

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Í vinnslu

## 10. Snæfellsás 5\_Umsókn um girðingu á lóðarmörkum - 2306008

Miroslaw Stepinski sækir um leyfi fyrir því að girða 1,2 meters háa timburgirðingu á lóðarmörkum vestan,- norðan,- og austan við hús sitt að Snæfellsási 5.

*Umhverfis-og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki aðliggjandi lóða.*

*Samþykkt*

## 11. Gíslabær\_Umsókn um byggingarleyfi fyrir átta 39,7 fm stakstæðum gistirýmum - 2307001

S356 ehf. sækir um byggingarleyfi fyrir átta 39,7 fm stakstæðum gistirýmum ofan vegr í landi Gíslabæjar.

*Umhverfis-og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara að búið sé að tryggja slökkvivatn á svæðinu.*

*Samþykkt*

## 12. Arnarstapavegur\_Umsókn um leyfi fyrir tveimur hleðslustöðvum - 2307003

Kolfinna Haraldsdóttir sækir fyrir hönd Vetrarþjónustuna ehf. um leyfi fyrir því að setja upp tvær rafhleðslustöðvar við ferðapjónustuhús þeirra við Arnarstapaveg.

*Samþykkt*

## 13. Brautarholt 7\_Umsókn um leyfi fyrir 4 bílastæðum innan lóðar - 2304004

Ólafsvík Guesthouse ehf. sendir inn nýja útfærslu af bílastæðum eftir athugasemdir úr grenndarkynningu. Bílastæðum á lóð fækkar úr fjórum í tvö og færast þau sömuleiðis fjær lóðarmörkum í vestri.

*Umhverfis-og skipulagsnefnd samþykkir eindið þar sem nefndin telur að komið hafi verið á móts við athugasemdir sem bárust í grenndakynningu. Bílastæðum er fækkað úr fimm í tvö að framanverðu.*

*Samþykkt*

## 14. Hábrekka 15 - Umsókn um leyfi fyrir gluggaskiptum - 2307007

Einar Hjörleifsson sækir um leyfi fyrir gluggaskiptum á húsi sínu að Hábrekku 15.

*Umhverfis-og skipulagsnefnd samþykkir erindið*

*Samþykkt*

## 15. Háarif 83\_Fyrirspurn um viðbyggingu milli íbúðarhúss og bílskúrs - 2307011

Aron Baldursson sækir um 25,25 fm viðbyggingu úr timbri á einni hæð milli íbúðarhúss og bílskúrs á húsi sínu að Háarifi 83. Í viðbyggingu er gert ráð fyrir baðherbergi og þvottahúsi með hurð út á pall í suðri.

*Hildigunnur Haraldsóttir vikur affundi*

777  
H.H.  
K.H.  
M.G.  
M.H.  
R.M.P.A  
H.Han.

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um að fullnaðargögn berist.*

*Samþykkt*

## 16. Hellisbraut 8\_Umsókn um byggingarleyfi fyrir 140 fm einbýlishúsi - 2307012

Þórny Alda Baldursdóttir sækir um byggingarleyfi fyrir 140 fm einbýlishúsi á inni hæð úr timbri á lóð sinni að Hellisbraut 8.

*Ragnar Már Ragnarsson vikur af fundi.*

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

*Ragnar Már Ragnarsson kemur aftur inn á fund.*

*Samþykkt*

## 17. Lýsuhol 136227 - Umsókn um framkvæmdarleyfi fyrir vindknúinni einkarafstöð - 2305040

Á síðasta fundi bæjarstjórnar hafði bæjarstjórn óskað eftir nánari útskýringu á afstöðu nefndarinnar þegar málið var tekið til umfjöllunar á 171. fundi nefndarinnar þann 1. júní 2023.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd telur að umsóknin sé ekki í samræmi við gildandi aðalskipulag Snæfellsbæjar þar sem að fyrirhuguð vindmylla er 25 m að hæð. Nefndin telur nauðsynlegt að funda með bæjarstjórn sem fyrst til að marka stefnu er varðar nýtingu vindorku utan vindmyllugarða.*

## 18. Viðvík\_Marmorabekkur til minningar um Ársæl og Önnu Sigrúnu - 2307009

Guðrún Marta Ársælsdóttir sækir fyrir hönd afkomenda Ársæls og Önnu um leyfi fyrir því að setja niður bekk fyrir gesti og gangandi suð-vestan við tjaldsvæðið á Hellissandi. Um er að ræða áletraðan marmorabekk til minningar um Önnu og Ársæl sem bjuggu lengst af í Viðvík. Ekki er gert ráð fyrir neinu jarðraski á staðnum sem bekknunum hefur verið valinn.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

*Samþykkt*

## 19. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2023 - 2302015

- Í upphafi fundar kynnti Hákon Ásgeirsson þjóðgarðsvörður Snæfellsjökulsþjóðgarðs fyrirhuguð deiliskipulög fyrir nefndarmönnum.

- Hábrekka 11\_Óskað er eftir afstöðu nefndarinnar við því að mön fyrir aftan húsið sé rutt niður og ofan í holtið í suður.

- Snæfellsbær óskar eftir byggingarleyfi fyrir rennibraut við sundlaugina í Ólafsvík í samræmi við áður samþykkta aðaluppdrætti.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd þakkar Hákonu Ásgeirssyni fyrir kynninguna og tekur jákvætt í þær deiliskipulagstillögur sem voru kynntar. Einnig voru rædd stigamál og lýsing í kringum Þjóðgarðsmiðstöðina. Umhverfis- og skipulagsnefnd leggur til að fundað verði með Vegagerðinni til að finna farsæla lausn á lagningu stiga, tengingu*

*KR  
777  
Hf  
H/H*

*MPA M.R  
H.Han*

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

---

fyrir gangandi vegfarendur yfir þjóðveginn ofl.

Hábrekka 11. Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir að mönin verði fjarlægð og að efninu verði keyrt í burtu í stað þess að ryðja henni niður af bakkanum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:15.

Fellugr Þorður Þálm  
Kristjana Þórmannsd.  
Hallðor Alkinus  
Máni Þór  
Hallgríð Hær  
Matthíður Páll  
Hildigunn Haraldsd.  
~~Aust Þóra~~